

# Ársskýrsla

2023



## INNGANGUR

Ársskýrsla Verzlunarskóla Íslands fyrir almanaksárið 2023 er frábrugðin öðrum skýrslum úr skólalastarfinu þar sem í henni eru til umfjöllunar tvær námsannir hvor á sínu skólaárinu auk sumarannar fjarnáms. Í ársskýrslunni verður farið yfir starfsemi skólans á árinu 2023 en auk þess verður vísað í aðrar skýrslur skólans varðandi einstaka málefni. Ársskýrsla þessi gefur lesendum gróft yfirlit yfir starfsemi skólans og þá skólaþróun sem á sér stað. Einnig er fjallað sérstaklega um framkvæmdir á húsnæði skólans í þessari skýrslu.

## REKSTARFORM SKÓLANS

Verzlunarskóli Íslands starfar eftir [skipulagsskrá](#) fyrir Sjálfseignarstofnunina Verzlunarskóli Íslands ses. Í skipulagsskránni segir meðal annars: „*Markmið stofnunarinnar er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs innbyrðis sem og gagnvart öðrum þjóðum með því að efla almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhaldsskólastigi.*“

Skólinn er með þjónustusamning við mennta- og barnamálaráðuneytið varðandi kennslu á framhaldsskólastigi. Gildandi [þjónustusamningur](#) var undirritaður í desember árið 2012 og hefur síðan verið framlengdur átta sinnum. Samtal stendur yfir við mennta- og barnamálaráðuneytið um nýjan þjónustusamning sem væri þá heildarsamningur milli aðila og tæki við af núverandi þjónustusamningi og [skólasamningi](#) sem gerður var upphaflega árið 2013 milli skólans og ráðuneytis mennta- og barnamála.

Skólinn hlaut í júlí 2022 [viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi](#) til þriggja ára en samkvæmt III. kafla laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008 getur mennta- og barnamálaráðherra veitt skólum, öðrum en opinberum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laga og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 426/2010 var sett 11. maí 2010.

Bakhjarlar skólans eru Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins ásamt Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fjármálafyrirtækja og Samtökum verslunar og þjónustu. Bakhjarlarnir skipa 9 manna fulltrúaráð sem svo aftur skipar 5 manna skólanefnd.

---

## FULLTRÚARÁÐ SKÓLANS

- Ásdís Kristjánsdóttir
- Hannes Frímann Hrólfsson
- Helga Árnadóttir
- Ingibjörg Gréta Gísladóttir
- Ingunn Agnes Kro, formaður
- Jóhannes Stefánsson
- Margrét Sanders
- Steinn Logi Björnsson
- Svanhildur Hólm Valsdóttir

---

## SKÓLANEFND SKÓLANS

- Bryndís Hrafnkelsdóttir, formaður
- Andri Þór Guðmundsson
- Benedikt Gíslason
- Hannes Frímann Hrólfsson
- Sigríður Margrét Oddsdóttir
- Ásta Henriksen þróunarstjóri og enskukennari situr í skólanefnd sem áheyrnarfulltrúi kennara.

## HÚSNÆÐI SKÓLANS


Skólinn er í eigin húsnæði við Ofanleiti 1 í Reykjavík og er húsnæðið um 10.750 m<sup>2</sup>. Í skólahúsnæðinu eru 44 kennslustofur (51 til 70 m<sup>2</sup> að stærð). Skólinn er bekkjaskóli og hefur hver bekkur sína heimastofu. Einnig eru 2 tölvustofur (28 tölvur í hvorri), íþróttahús, jógasalur og salur með þrekkækjum. Í skólanum er vel útbúið bókasafn, 350 m<sup>2</sup>, og að auki lessalur. Þá eru raungreinastofur í skólanum, ein sérútbúin fyrir líffræði, önnur fyrir efnafræði og þriðja fyrir eðlisfræði. Einnig er FabLab- og hönnunarstofa með þrívíddarprentara, leiserskera, vínyskera og saumavélar fyrir fatahönnunaráfanga. Ein stofa er tekin undir myndlistakennslu. Í skólanum er lyfta og aðgengi fyrir hjólastóla er mjög gott. Endurbætur hafa verið gerðar á aðstöðu nemenda og starfsmanna á liðnum árum. Áfram verður unnið að því að endurnýja húsgögn og bæta aðstöðu í skólanum í samræmi við fjölbreytilega kennsluhætti og annað þróunarstarf innan skólans.



Haustið 2022 hófust framkvæmdir við endurbætur á húsnæði skólans. Vel gekk að samræma vinnu utanhúss við kennslu í byggingunni og varð lítil röskun af þeim sökum. Í byrjun mars tilkynntu verktakarnir, OG synir að þeir gætu ekki staðið við verksamning vegna fjárhagslegrar stöðu félagsins. Um miðjan mars var gengið til samninga við nýja verktaka, Land og verk. Nokkrar tafir urðu á verkáætlun af þessum sökum.

Í október var tekin á ákvörðun um að tefja ekki framkvæmdir frekar og hefja steiningu þrátt fyrir að sumri væri hallað. Í kjölfarið var ákveðið um að setja segl utan um húsið til þess að verja það frosti og úrkomu. Veður voru hagstæð í lok árs og gekk vel að setja sallann á húsið. Samkvæmt verkáætlun var um það bil 85% af verkinu búið við lok árs.





Starfsmenn skólans á launaskrá árið 2023 voru alls 122. Kynjahlutföll, ef horft er til allra starfsmanna á launaskrá, eru 72% konur og 28% karlar. Kennarar voru 90 og kynjahlutföll í þeim hópi eru 68% konur og 32% karlar. Í nemendapjónustu skólans starfa fjórir starfsmenn, þrír náms- og starfsráðgjafar og einn sálfræðingur. Sextán eru á launaskrá sem starfsmenn í mótuneyti, umsjón húsnæðis og ræstingum. Þrír starfsmenn eru á bókasafni og tveir aðilar sjá um tölvukerfi og notendapjónustu í skólanum. Þá eru þrír starfsmenn á skrifstofu og stjórnendateymi skólans telur fjóra.

### STJÓRNENDATEYMI SKÓLANS

- Guðrún Inga Sívertsen, skólastjóri
- Þorkell H. Diego, aðstoðarskólastjóri
- Gylfi Hafsteinsson, kennslustjóri staðnáms
- Sigurlaug Kristmannsdóttir, kennslustjóri fjarnáms

*Starfsmenn skólans haustið 2023*



Í október 2023 hlaut Verzlunarskólinn viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar. Viðurkenningin er veitt þeim fyrirtækjum sem hafa náð að jafna kynjahlutfall meðal framkvæmdastjóra. Fimmtíu og sex fyrirtæki, ellefu sveitarfélög og tuttugu og tveir opinberir aðilar hlutu viðurkenninguna árið 2023. Þetta er í fyrsta skipti sem Verzlunarskólinn tekur þátt í Jafnvægisvoginni.



Í október 2023 var kynnt að Verzlunarskólinn væri tilnefndur til íslensku menntaverðlaunanna í floknum *framúrskarandi þróunarverkefni*. Það var svo tilkynnt við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í



nóvember hver hlaut verðlaunin. Það er mikil viðurkenning að fá tilnefningu og um leið hvatning til starfsmanna skólans um að halda áfram með það góða starf sem unnið er innan skólans í skólaþróun. Hægt er að kynna sér nánar hvaða verkefni fengu tilnefningar og kynna sér betur hvert og eitt verkefni [hér](#).



Í nóvember 2023 hlaut Verzlunarskólinn Evrópuverðlaun fyrir nýsköpun í kennslu. Verðlaunin voru veitt alþjóðlegu samstarfsverkefni sem skólinn tók þátt í með skólum í Slóveníu, Frakklandi, Þýskalandi, Portúgal og Tyrklandi. Verkefnið gekk út á að

undirbúa nemendur fyrir líf sem stafrænir borgarar en eins og allir vita gegna tölvur og netið sífellt stærra hlutverki í lífum okkar. Það er mikill heiður fyrir skólann og alþjóðastarf hans að hljóta þessi verðlaun.

Í desember 2023 var gerð endurúttekt á jafnlaunakerfi Verzlunarskóla Íslands. Vottunin var án athugasemd og gildir úttektin í 3. ár.



Nemendafjöldi skólans haustið 2023 var 1072 einstaklingur og eru það 30 fleiri en haustið 2022. Á alþjóðabraut voru 79 nemendur, 77 á nýsköpunar- og listabraut, 465 á viðskiptabraut og 451 á náttúrufræðibraut. Fjöldi nemenda í fjarnámi er getið um í sér kafla hér á eftir.

### BRAUTSKRÁNING

Vorið 2023 brautskráðust 347 stúdentar frá Verzlunarskóla Íslands. Aldrei hafa fleiri nemendur útskrifast í einu frá skólanum ef frá er talin brautskráning skólans vorið 2018 þegar tveir árgangar útskrifuðust á sama tíma, sá fyrsti í þriggja ára námi og sá síðasti í fjögurra ára námi.

Brautskráningarathöfnin fór fram í Borgarleikhúsinu og var henni tvískipt. Klukkan 12:00 útskrifuðust nemendur af viðskiptabraut og nýsköpunar- og listabraut.

Og klukkan 14:00 útskrifuðust nemendur af alþjóðabraut og náttúrufræðibraut. Það heppnaðist einstaklega vel að hafa tvískipta útskrift en hvor athöfn fyrir sig var 75 mínútur sem er mjög heppilegur tími.

Að venju var úthlutað úr VÍ 100 sjóðnum en hann var stofnaður í tilefni 100 ára afmæli skólans. Fyrirverandi nemendur skólans

lögðu fé í sjóðinn og í skipulagsskrá hans segir m.a. að árlega skuli hann styrkja valda nemendur með fjárframlagi, þegar þeir flytjast á milli bekkja eða ljúka stúdentsprófi. Skal við það miðað að styrkþegar hafi sýnt afburða námsárangur eða lagt verulega af mörkum til skólastarfsins á annan hátt.

Dúx skólans var Alexander K. Bendtsen og semídux var Magnús Kristinsson. Hlutu þeir námsstyrk úr sjóðnum ásamt þeim nemendum sem fengu 9,5 eða hærra á stúdentsprófi. Alls voru það 9 útskriftarnemendur sem hlutu styrk úr VÍ 100 sjóðnum. Einnig hlutu nemendur sem hæstir voru eftir



1. ár og 2. ár námsstyrk úr sjóðnum en það voru þær Inga Júlíana Jónsdóttir nemandi á líffræðilínu á 1. ári og Ragna María Sverrisdóttir nemandi á eðlisfræðilínu á 2. ári.



## INNTRITUN

Fyrir haustönn 2023 var fjöldi umsókna í skólann 742 en af þeim voru 572 umsóknir með Verzlunarskólann sem val 1. Innritaðir voru 372 nemendur frá 58 grunnskólum.

	Ums. 1 val	Innritaðir	Færslur v/varabr.
Alþjóðabraut	32	26	13
Náttúrufræðibraut - eðlisfræðilína	71	52	-2
Náttúrufræðibraut - líffræðilína	129	100	5
Nýsköpunar- og listabraut	46	25	1
Viðskiptabraut - hagfræðilína	115	80	3
Viðskiptabraut - stafræn viðskiptalína	69	25	-6
Viðskiptabraut - viðskiptalína	110	55	-14

Hér má sjá hlutfall innritaðra á brautir og línur í samanburði við umsóknir í skólann sem val 1. Færslur vegna varabrauta eru þeir sem völdu viðkomandi braut sem annað val og voru færðir samkvæmt því.

Innritað var eftir innritunarreglum skólans sem miða að því að horfa til lokanámsmats úr grunnskóla. Einnig setti skólinn sér reglur haustið 2021 varðandi kynjakvóta með það að markmiði að hlutfall innritaða af einu kyni færi ekki yfir 60%. Nýnemar haustið 2023 voru þriðji árgangurinn sem innritast samkvæmt þessum reglum og náðist því kynjahlutfall í öllum skólanum að vera 60/40 við upphaf skólaársins. Þá var sett ný regla við innritun en hún miðar að því að umsækjendur sem ekki hafa íslensku sem heimilismál geti óskað eftir því að þegar reiknaður er stigafjöldi viðkomandi þá verði eingöngu einfalt vægi tekið í íslensku og tvöfalt vægi færast þá yfir á aðra námsgrein. Nokkrir nemendur óskuðu eftir að þessi regla ætti við um þeirra umsókn og hófu þeir nám í skólanum um haustið.

Nemendahópurinn sem hóf nám haustið 2023 var mjög sterkur ef horft er til námsmats nemenda úr grunnskóla. 84 nemendur innrituðust í skólann með A í öllum greinum og 80% nemendur voru með 23 stig eða hærra. Þetta hlutfall er aðeins hærra en árið áður en þá var það 74%.

Nánar er hægt að lesa um innritunarviðmið skólans og hvernig stigafjöldi er reiknaður út á heimasíðu skólans.

MEÐALSTIG Á BRAUT/LÍNU	
Alþjóðabraut	22,69
Náttúrufræðibraut - eðlisfræðilína	23,40
Náttúrufræðibraut - líffræðilína	23,44
Nýsköpunar- og listabraut	22,83
Viðskiptabraut - hagfræðilína	23,35
Viðskiptabraut - stafræn viðskiptalína	23,18
Viðskiptabraut - viðskiptalína	23,36

84 nemendur með 24 stig (63 í fyrra)

297 nemendur með 23 stig + (240 í fyrra)

Lágmarksstig inn á:


- Alþjóðabraut: kk: 21,25 – kvk: 22,75
- Eðlisfræðilína: kk: 22,5 – kvk: 23
- Líffræðilína: kk: 22,5 – kvk: 22,75
- Nýsköp- og listabraut: kk: 21 – kvk: 22,75
- Hagfræðilína: kk: 22,5 – kvk: 23
- Stafræn viðskiptalína: kk: 22,5 – kvk: 23
- Viðskiptalína: kk: 22,5 – kvk: 23

## NEMENDAFÉLAG SKÓLANS – NFVÍ

Félagslíf nemenda var blómlegt á árinu eins og venja er. Fjöldi nefnda og klúbba sem starfa innan nemendafélagsins skiptir tugum og árlega bætast nýir hópar við. Fastir viðburðir nemenda eins og leikrit listafélagsins, Gettu betur og Morfís, íþróttavika, Nemendamót, útgáfa Verzlunarskólablaðsins, söngvakeppnin Vælið og böllin voru á sínum stað. Nemendur skólans eiga hrós skilið fyrir dugnað sinn í því að skipuleggja viðburði fyrir samnemendur sína. Ný stjórn er ávallt kjörin í lok skólaársins fyrir komandi skólaár og eru það nemendur á 2. ári sem bjóða sig fram til stjórnarsetu.



Við styttingu framhaldsskólans í þrjú ár hefur nemendum á fyrsta ári fjölgað til muna sem taka þátt í félagslífinu í gegnum nefndarstörf. Sú regla var tekin upp við styttinguna að á hverju hausti eru viðtöl í nefndir fyrir nýnema og er frátekið pláss handa þeim í öllum stjórnarnefndum NFVÍ.



---

*Nýnemakvöld var haldið í skólanum í lok ágúst 2023. Skemmtinefnd skólans sló upp balli í íþróttahúsi skólans.*

---




Verzlunarskóli Íslands var stofnaður árið 1905 og er því meðal elstu skóla landsins. Í fyrstu var skólanum ætlað að mennta og efla íslenska atvinnurekendur sem þá höfðu rutt sér til rúms í verslun og viðskiptum. Enn í dag leggur skólinn áherslu á að styrkja stöðu nemenda sinna í atvinnulífinu með því að tvinna saman hagnýtar viðskiptagreinar og annað bóklegt nám.

Verzlunarskólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1945. Flestir nemendur skólans stefna nú að frekara námi á háskólastigi að loknu stúdentsprófi. Hin síðari ár hefur Verzlunarskólinn lagt aukna áherslu á stærðfræði og raungreinar enda hafa æ fleiri nemendur skólans farið í framhaldsnám í verkfræði og skyldum greinum.

Frá og með haustinu 2015 var tekið upp nýtt skipulag við skólann þar sem námstími til stúdentsprófs var stytur um eitt ár og nemendur ljúka því stúdentsprófi á þremur árum. Frá hausti 2019 hefur nemendum boðist að velja um 4 brautir sem sumar skiptast í ólíkar línur. Það eru alþjóðabraut, nýsköpunar- og listabraut, náttúrufræðibraut líffræðilína, náttúrufræðibraut eðlisfræðilína, viðskiptabraut starfræn viðskiptalína, viðskiptabraut hagfræðilína og viðskiptabraut viðskiptalína.

Í upphafi árs 2023 var farið af stað í endurskoðun námsbrauta skólans. Vinnan fólst í rýnihópaviðtölum við útskriftarnemendur þar sem einn rýnihópur var myndaður af hverri námslínu skólans. Nemendur voru spurðir út í nám þeirra og einstaka áfanga. Þá voru gögn notuð úr stefnumótunarvinnu skólans og könnun var send á útskrifaða nemendur þar sem þeir voru spurðir út í undirbúning fyrir háskólanám og hvað mætti betur gera. Haldnir voru vinnufundir starfsmanna og deildir fóru yfir alla áfanga sína og gerðu

breytingar og uppfærslur. Stjórnendur kynntu í upphafi vinnunnar ákveðinn vinnuramma sem sýndi hverju ætti ekki að breyta og hvar tækifæri væru til breytinga.



Á myndinni hér að ofan má sjá í miðjunni þá þætti sem ekki átti að breyta. Í ljósbláu boxunum voru hugmyndir til að vinna með og það sem kemur út frá þeim boxum og er skrifað inn í myndinni eru atriði sem hrint var í framkvæmd jafn óðum.

Vinnan stóð yfir allt árið 2023 og lágu niðurstöður fyrir í árslok. Nokkrar breytingar voru gerðar á námsbrautum skólans auk þess sem ýmsar breytingar voru gerðar varðandi aðra þætti skólastarfsins eins og breytingar á próftöflu, innleiðing vikulegs prófatíma fyrir próf t.d. í símatsáföngum. Breytingar á haustfrí, breytingar á heimastofum, breytingar á lífsleikni og fleira. Margar af þessum breytingum voru gerðar með það að markmiði að jafna álag á nemendur yfir hverja önn og á sama tíma jafna álag á kennara. Þeir nemendur sem hefja nám í skólanum haustið 2024 munu innritaast á nýjar brautir. Breytingar á hverri námsbraut eru eftirfarandi:

## **Alþjóðabraut**

- Nafnabreyting á braut - félagsvísinda- og alþjóðabraut
- Ritunaráfangi sem fer þvert á brautir kemur inn
- Lífsleikni fer út á þriðja ári
- Fjórði áfangi í þriðja tungumáli fer út
- Enskuáfangi fer út
- Menningarfræði og landafræði fer út - innihald áfanganna færast í félagsvísindi
- Inn kemur fjórði áfanga í stærðfræði
- Fjórir áfangar kallast félagsvísindi og innihald þeirra er t.d. stjórnmálafræði, menningarfræði og lokaverkefnisáfanginn.
- Lögræði kemur inn.
- Einn af alþjóðafræði áföngunum tengist inn í alþjóðaverkefni nemenda á brautinni

## **Nýsköpunar og listabraut**

- Ritunaráfanginn sem fer þvert á brautir kemur inn
- Lífsleikni fer út á þriðja ári
- Enskuáfangi fer út
- Markaðsfræði kemur inn
- Stærðfræði kemur inn
- Lögræði fer úr

## **Náttúrufræðibraut - líffræðilína**

- Ritunaráfanginn sem fer þvert á brautir kemur inn
- Lífsleikni fer út á þriðja ári
- Danska NS fer út
- Fjórði áfanginn í ensku fer inn
- Þriðja tungumál - b-áfangi - færast niður á 1. ár

## **Náttúrufræðibraut - eðlisfræðilína**

- Ritunaráfanginn sem fer þvert á brautir kemur inn
- Lífsleikni fer út á þriðja ári
- Danska NS fer út
- Fjórði áfangi í ensku fer inn
- Þriðja tungumál b- áfangi fer niður á 1. ár
- Forritun fer niður á 2. ár til að auðvelda nemendum að velja framhald í forritun
- Líffræði fer upp á 3ja ár

## **Viðskiptabraut - stafræn viðskiptalína**

- Ritunaráfanginn sem fer þvert á brautir kemur inn
- Lífsleikni fer út á þriðja ári
- UT áfanginn tekur breytingum

## **Viðskiptabraut - hagfræðilína**

- Ritunaráfanginn sem fer þvert á brautir kemur inn
- Lífsleikni fer út á þriðja ári
- UT áfanginn tekur breytingum

## **Viðskiptabraut - viðskiptalína**

- Ritunaráfanginn sem fer þvert á brautir kemur inn
- Lífsleikni fer út á þriðja ári
- UT áfanginn tekur breytingum
- Enskuáfanginn ME fer út
- Þjóðhagfræði kemur inn

## ÞÁTTAKA NEMENDA Í ÝMSUM KEPPNUM

Á hverju ári taka nemendur á lokaári á viðskiptabraut og nýsköpunar- og listabraut þátt í ungum frumkvöðlum. Í keppninni vorið 2023 tóku 700 nemendur þátt frá fjölmörgum framhaldsskólum. Markmið keppinnar er að nemendur þrói vöru og komi henni á markað. Alls voru stofnuð 160 nemendafyrirtæki víðsvegar um landið. Keppnin hefst í janúar og lýkur í lok apríl með lokakeppni þar sem 30 lið eru valin til að keppa til úrslita. Í keppninni 2023 fóru 14 Verzló-lið í úrslitakeppnina og má segja að þau hafi komið, séð og sigrað. Sjö Verzló fyrirtæki hlutu 8 verðlaun á lokahátíðinni og var sigurvegari keppinnar og þar með fyrirtæki ársins frá Verzló. Fyrirtækið Nómína endaði í 1. sæti en vara þeirra er smáforrit sem hjálpar fólki að lesa launaseðla. Þá voru einnig Verzló-fyrirtæki í 2. og 3. sæti.



Tveir nemendur á öðru ári, Bjarki Freyr og Róbert Dennis, sigruðu keppnina Greindu betur sem er liðakeppni í tölu- og upplýsingalæsi. Keppnin felst í að vinna með og greina göng frá Hagstofu Íslands og Evrópsku hagstofunni.

Snæfríður Eva Eiríksdóttir nemandi á 2. ári sigraði þýskuprautina 2023. Alls voru

112 keppendur sem tóku þátt víðs vegar af landinu. Snæfríður hlaut í verðlaun 10 daga dvöl í Þýskalandi þar sem hún mun hitta fyrir ungt fólk frá 44 löndum.



Þrír nemendur á 2. ári, Martin, Nói Pétur og Steinar Sverrir, unnu til verðlauna í frönskukeppni. Keppnin fólst í að nemendur bjuggu til myndband sem átti að vera á bilinu 3 til 5 mínútur. Yfir 20 myndbönd kepptu til verðlauna og fengu Verzlingarnir verðlaun fyrir framúrskarandi myndband.

Í febrúar unnu Sara Lind og Snædís Lilja, nemendur á öðru ári, til verðlauna á spænskuhátíð. Eftt var til samkeppni við gerð myndbanda og veggspjalda á spænsku, þar sem þemað var 5. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Verðlaunin sem þær Sara og Snædís hlutu eru vikudvöl í spænskunámi við háskóla í Madrid.



## FORELDRASAMSTARF

Foreldrafélag er starfandi við skólann. Markmið félagsins er að vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra og forráðamanna barna í skólanum. Einnig er markmið félagsins að vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra og forráðamanna sem hagsmunahópur um bættan hag og stöðu skólans. Allir foreldrar og forráðamenn barna í skólanum eru meðlimir í foreldrafélaginu. Árlega stendur félagið fyrir fræðslufundum fyrir foreldra. Þá koma foreldrar að gæslu fyrir utan böll nemendafélagsins og gefa vinninga í edrúpott.



## FJARNÁM VERZLUNARSKÓLANS

Á vorönn 2023 voru 526 nemendur skráðir í fjarnám í 4132 einingar. Til lokaprófa skiluðu sér 3155 einingar en það voru 76,36% af þeim einingum sem lagt var upp með. Ársnemendur í námi voru 68,87 og 52,58 ársnemendur skiluðu sér til prófa.

Á sumarönn 2023 voru 592 nemendur skráðir í fjarnám í 5072 einingar. Til lokaprófa skiluðu sér 3604 einingar, en það voru 71,06% af þeim einingum sem lagt var upp með. Ársnemendur í námi voru 84,53 og 60,07 ársnemendur skiluðu sér til prófa.

Á haustönn 2023 voru 333 nemendur skráðir í fjarnám í 2661 einingar. Til lokaprófa skiluðu sér 2075 einingar en það voru 77,98% af þeim einingum sem lagt var upp með. Ársnemendur í námi voru 44,35 og til prófa skiluðu sér 34,58 ársnemendur.

Í töflu 1 kemur fram að heildarfjöldi ársnemenda í fjarnámi Verzlunarskóla Íslands árið 2023 voru 197,8 þegar skráðar einingar voru taldar, en 147,2 þegar litið var til þreyttra eininga. Mæting í próf á þessu tímabili var frá 71% og upp í 78%, meðaltalið var um 75%.

## FAGNÁM VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU

Á vorönn 2023 voru 27 nemendur skráðir í 274 einingar og lokanámsmat skilaði sér í 129 einingum. Ársnemendur voru 4,57 og til lokanámsmats skiluðu sér 2,15 ársnemendur. Fagnámsnemendur vorannar luku við 47,1% af þeim einingum sem þeir voru skráðir í.



Á haustönn 2023 voru 47 nemendur skráðir í 428 einingar og lokanámsmat skilaði sér í 256 einingum. Alls voru 7,13 ársnemendur skráðir til náms og 4,27 ársnemendur luku áföngum. Fagnámsnemendur haustannar luku við 59,81% af þeim einingum sem þeir voru skráðir í.

Í töflu 1 kemur fram að heildarfjöldi ársnemenda í fagnámi verslunar og þjónustu árið 2023 var 11,70 þegar skráðar einingar voru taldar, en 6,42 þegar litið var til þreyttra eininga. Rúmlega 53% skráðra eininga lauk með þreyttum einingum.

Í lok vorannar 2023 útskrifaðist einn nemandi með fagbréf í verslun og þjónustu og einn til viðbótar lauk prófinu í lok haustannar. Alls hafa því nítján nemendur útskrifast frá skólanum með fagbréf í verslun og þjónustu frá því að námið hófst á vorönn 2020.

## FJÖLDI ÁRSNEMENDA ÁRIÐ 2023

Þegar talinn var saman einingafjöldi sem hefðbundna fjarnámið og fagnám verslunar og þjónustu skilaði árið 2023, kom í ljós að ársnemendur skráðir voru um 210. Þreyttar einingar samsvöruðu 154 ársnemendum sem að meðaltali var tæplega 67% mætingu í próf.

Fjarnám skólans á síðasta ári var því eins og framhaldsskóli með 210 nemendur skráða í fullt nám allt árið og þeir luku við rúmlega 67% af einingum sem þeir voru skráðir í. Sjá töflu 1.

TAFLA 1. FJAR- OG FAGNEMENDUR VÍ ÁRIÐ 2023, TÖLUR ÚR INNU.

Önn fjarnám	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársnemendur skráðir	Ársnemendur í próf	% Mæting í próf
V23-fjar	526	7,86	4132	3155	68,87	52,58	76,36
V23-fag	27	10,15	274	129	4,57	2,15	47,08
S23-fjar	592	8,57	5072	3604	84,53	60,07	71,06
H23-fjar	333	7,99	2661	2075	44,35	34,58	77,98
H23-fag	47	9,11	428	256	7,13	4,27	59,81
Alls	1525	8,73	12567	9219	209,45	153,65	66,46

## FJARNEMENDUR VÍ

Þegar hópur fjarnemenda skólans árið 2023 var greindur, kom í ljós að um fjórðungur þeirra stundaði líka nám í dagskóla VÍ og um fimmtungur í grunnskólum landsins. Tæplega 60% nemenda voru skráðir í aðra framhaldsskóla eða þeir voru ekki skráðir í skóla. Örfáir nemendur voru í háskóla. Í töflu 2 voru tölur frá vorönn 2023 og haustönn 2023 teknar saman, en á sumarönn var erfitt að fá nákvæmar upplýsingar um stöðu nemenda í skólakerfinu.

TAFLA 2. FJARNEMENDUR VÍ EINNIG Í DAGSKÓLA VÍ OG GRUNNSKÓLUM.

	Alls	Dagskóli VÍ		Grunnskóla		Aðrir	
	Fjöldi	Fjöldi	% fjöldi	Fjöldi	% fjöldi	Fjöldi	% fjöldi
V23	526	152	28,9	94	17,9	280	53,2
S23							
H23	333	57	17,1	65	19,5	211	63,4
Alls	859	209	24,3	159	18,5	491	57,2

## GÆÐAMÁL FJARNÁMS

Gæðahandbók fjarnáms er lifandi plagg og á vormánuðum 2023 var hún tekin til endurskoðunar og sérstök áhersla lögð á námsmat í áföngum sem ekki voru með skrifleg lokapróf á viðurkenndum prófstað. Niðurstaðan var að bæta við þann kafla að sé áfangi án skriflegs lokaprófs, þá þurfi að gera kröfu til þess að nemandi hitti kennara (í net- eða raunheimum) og gerði hann þar grein fyrir hluta verkefna, til að kennari geti verið fullviss um að hann hafi sjálfur unnið þau.

## NEMENDAPJÓNUSTA

Í nemendapjónustunni starfa þrír náms- og starfsráðgjafar í þremur stöðugildum og einn sálfræðingur í 80% stöðugildi. Auk þeirra er starfandi við skólann hjúkrunarfræðingur á vegum Heilsugæslu Reykjavíkur í 35% starfi og er samstarf þar á milli.

Náms- og starfsráðgjafar skipta með sér árgöngum og fylgja þeim frá fyrsta degi til útskriftar. Verkefni deildarinnar eru fjölbreytt en snúa þó flest að því að aðstoða nemendur í námi eða persónulegum málum. Samvinna er á milli náms- og starfsráðgjafa og sálfræðings deildarinnar sem grípur mál sem þarfnast nánara mats og jafnvel vísunar til fagaðila úti í bæ. Samvinna er við annað fagfólk, tilvísunaraðila, foreldra, skólastjórnendur og kennara. Nemendapjónustan situr vikulega fundi með samráðsteymi sem samanstendur af deildinni og Guðrúnu Ingu skólastjóra, Þorkeli aðstoðarskólastjóra og Gylfa kennslustjóra. Einnig situr deildarstjóri nemendapjónustu vikulega fundi með skólastjórnendum og deildarstjórum annarra stoðdeilda. Sóley námsráðgjafi situr í mannauðsteymi skólans. Samráðsteymið sér um eftirlit með mætingu nemenda. Gleði- og forvarnardagurinn er á höndum skólastjórnenda með dyggri aðstoð deildarinnar.

Náms- og starfsráðgjafar tóku allar þátt í alþjóðaverkefnum árið 2023. Einnig fóru sálfræðingur og tveir náms- og starfsráðgjafar á endurmenntunarnámskeið á vegum Erasmus+ til Bologna á Ítalíu.

Áfram var unnið með hópefli og samstöðu í bekkjum. Náms- og starfsráðgjafar fóru inn í alla bekki á 1., 2. og 3. ári með hópeflisleiki og bekkjarvinnu haustið 2023. Umsjónarkennarar, sálfræðingur skólans og einn skólastjórnandi voru oftast með í þessum heimsóknum. Þetta er vinna sem Nemendapjónustan hefur gert að föstum liði á hverju hausti þar sem reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að hrista nemendur vel saman strax í upphafi skólaárs. Til viðbótar við þessar heimsóknir eru starfsmenn Nemendapjónustunnar hluti af Hringekju annars árs og fara vikulega í tíma í bekkina. Námsráðgjafar beina sjónum að bekkjaranda og sálfræðingur að kynbundnu ofbeldi og samskiptum kynjanna. Námsráðgjafar áttu í góðu samstarfi við umsjónarkennara sem voru duglegir að láta vita ef þeir fundu fyrir að bekkir væru ekki að blandast vel og var reynt að grípa inn í með allskonar hópeflisvinnu.



Annað sem fellur undir deildina og var hluti af starfi starfsmanna árið 2023 var m.a. prófkviðanámskeið, móttaka nýnema að hausti og um jól, halda fund fyrir nemendur sem koma erlendis frá eða utan af landi, ráðgjöf við nemendur í NGK bekk og undirbúningur útskriftar sem og kynningar- og markaðsmál.

Háskóladagurinn var haldinn í annað sinn í skólanum og komu fulltrúar frá öllum háskólunum ásamt fleiri stofnunum sem gagnlegt er fyrir útskriftarnema að vita um. Nemendur á öllum árum voru áhugasamir og var ákveðið að næsta ár myndi 2. árið vera formlega boðið á kynninguna.

Náms- og starfsráðgjafar sáu um skólakynningar fyrir nemendur í 10. bekk, undirbyggju opið hús í mars 2023 og stóðu vaktina í Laugardalshöll á kynningardögunum *Mín framtíð* fyrir grunnskólanemendur. Á opnu húsi var grunnskólanemendum boðið í heimsókn og þurftu þeir að skrá sig fyrir fram. Farið var með litla hópa í „lestum“ um húsið ásamt því að skólastjórnendur

kynntu skólann í Bláa sal. Nemendafélagið var einnig í húsi og kynnti sitt starf og sýndi brot úr nemendasýningu í íþróttahúsinu. Sér kynningarfundur var haldinn fyrir verðandi NGK nemendur.



Nýtt inn í deild nemendaþjónustunnar 2023 var að deildin fékk kynningu á nýjum lögum um farsæld barna og starf tengiliða innleitt í deildina. Önnur nýjung árið 2023 var að undirbúningur að bókunarkerfi fyrir deildina hófst og fóru starfsmenn á netnámskeið og lærðu að setja upp bókunarkerfi sem verður tekið í gagnið árið 2024. Nemendur og aðrir geta þá valið sér tíma og bókað hjá öllum starfsmönnum deildarinnar.

Lungann úr árinu 2023 voru námsráðgjafar með aðstöðu á 3. hæð og sálfræðingur í stofu 103 vegna framkvæmda við húsnaði deildarinnar. Í september 2023 sameinuðust starfsmenn deildarinnar í nýuppgerðu og glæsilegu rými. Þar er til viðbótar við skrifstofur starfsmanna fjölnotarými sem hefur meðan annars nýst vel til þróttu, hópráðgjafar, fundarsetu og námskeiða.

## SKÓLAÞRÓUN

Skólaþróun er stór partur af starfi skólans. Haustið 2021, þegar nýtt skipurit var kynnt fékk skólaþróun aukið vægi í starfsemi skólans. Þrír kennarar við skólann starfa í 25% starfshlutfalli hver sem þróunarstjóri. Hlutverk þróunarstjóra er að hvetja til og leiða skólaþróunarverkefni.

Haustið 2022 var tveimur skólaþróunarverkefnum hleypt af stokkunum undir yfirskriftinni samvinna og sjálfræði. Hugmyndafræðin að baki verkefnanna var m.a. sótt í aðalnámskrá framhaldsskóla, stefnu Verzlunarskólans, skólaþing og nýlegar íslenskar og erlendar menntarannsóknir. Markmiðið var að í þessum verkefnum myndu nemendur þjálfast í hæfni sem talin er mikilvæg fyrir störf þeirra í framtíðinni, til dæmis að sýna frumkvæði, leita lausna og vinna með öðrum.



Í september 2023 var skólaþróunarverkefni 1. árs nemenda sett af stað og tóku allir nýnemar skólans þátt í verkefninu sem miðar að því að vinna með heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna. Yfirskrift verkefnisins er samvinna og sjálfræði. Unnið er í teyllum og fá nemendur tækifæri til að virkja sköpunarkraftinn því þeir stýra því sjálfir í hvaða átt þeir fara með verkefnið og hvers konar umbótum þeir hrinda í framkvæmd í samfélaginu.

## GÆÐAMÁL

Starf gæðateymis skólans hefur þróast smám saman síðustu árin og er orðið fastur hluti í starfi hans og þróun. Í teyminu eru sjö starfsmenn skólans sem gera verkáætlun fyrir hvert skólaár, fylgja henni eftir og koma með tillögum að úrbótum. Árið 2023 voru nokkrar innanhúss kannanir gerðar, stefnur yfirfarnar og aðrar gerðar frá grunni. Þá voru unnar nokkrar nýjar verklagsreglur sem aðstæður kölluðu á. Gæðateymið sér einnig um að uppfæra starfsmannahandbókina sem aðgengileg er starfsmönnum á innra neti skólans. Nánar um starf Gæðateymis má lesa í [Sjálfsmatsskýrslu skólans](#).

Undir gæðateyminu eru þrjú önnur teymi, Kennsluteymi, Mannauðsteymi og Viðbragðsteymi. Þau hafa það hlutverk að koma inn í skipulag Gæðateymisins eftir eðli verkefnisins, til dæmis hvaða teymi er best til þess fallið að koma að gerð stefna, áætlana eða verkferla. Mannauðsteymið var afkastamið á árinu. Skólinn er þátttakandi í [Heilsueflandi vinnustaður](#) sem Mannauðsteymið sér um að fylgja eftir. Aðaláhersla þess er á vellíðan starfsfólks, hreyfingu og útveru og hefur starf þess einkennst af þessum þáttum. Það skipulagði þátttöku skólans í [Lífshlaupinu](#) og hvatti fólk óspart til dáða. Í lokin fengu starfsmenn litla gjöf frá skólanum. Haldin voru nokkur „kósý-kvöld” sem kölluð eru, þar sem starfsmönnum gafst kostur á að koma og þrjóna, hekla, spila, tefla, hnýta flugur eða gera jólaföndur. Á vorin hefur starfsmönnum staðið til boða golfnámskeið sem margir hafa nýtt sér. Þá voru starfsmenn beðnir um að setja inn fjögur jákvæð lýsingarorð eða nafnorð sem þeim fyndust einkenna skólann sem vinnustað og úr varð falleg mynd sem prýðir matsal starfsmanna.



## ALÞJÓÐASAMSKIPTI

Alþjóðastarf skólans var blómlegt árið 2023. Mikilvægasti hluti þess eru verkefni sem eru unnin í samhengi við vottaða Erasmus+ aðild skólans sem þýðir að unnið er með einn styrk og útteiling fjármuna úr honum er í höndum verkefnastjóra alþjóðamála og stjórnenda, í samræmi við umsókn. Þetta gefur aukinn sveigjanleika fyrir skólann. Annar mikilvægur þáttur er þátttaka skólans í NGK verkefninu með Grænlandi, Færeyjum og Danmörku og að lokum er skólinn þátttakandi í Nordplus áætluninni.

## NEMENDASKIPTAVERKEFNI OG NEMENDAFERÐIR



Þennan veturinn vann alþjóðabekkurinn 2-A verkefni með skólum í Tolmin í Slóveníu og Gaia í Portúgal. Þema verkefnisins voru menningarverðmæti, og þar unnin verkefni um málshætti og orðtök, þjóðsagnapersónur og þælt í heimsminjaskrá UNESCO. Það var fundur á Íslandi í nóvember 2022, í Slóveníu í mars 2023 og í Portúgal í apríl 2023. Kennarar sem tóku þátt voru Óli Njáll Ingólfsson, Ingunn Björk Arnardóttir, Hanna Lilja Jóhannsdóttir og Rut Thorlacius Guðnadóttir.

Nemendur á þriðja ári á alþjóðabraut heimsóttu samkvæmt venju Brussel og heimsóttu þar Montgomery alþjóðaskólann. Ferðin var farin í febrúar.





---

#### STYRKT VERKEFNI FYRIR ÞRIÐJU MÁL - FRANSKA

Í janúar 2023 sótti hópur franskra nemenda skólann Albert de Mun í París og kynnti sér menningarslóðir í París undir styrkri leiðsögn Sigrúnar Höllu Halldórsdóttur og Sóleyjar Þórarinsdóttur.

Í október 2023 hófst samstarfsverkefni við *Le Lycée Jeanne d'Arc Saint Ivy* skólann í Pontivy á Bretagne skaga með heimsókn um 20 nemenda þaðan. Verkefnið var vel heppnað og spennandi dagskrá. Sigrún Halla Halldórsdóttir og Ármann Halldórsson sáu um móttökuna.



---

#### STYRKT VERKEFNI FYRIR ÞRIÐJU MÁL - SPÆNSKA

Í janúar 2023 tóku nemendur í spænsku á mótum við nemendum frá Malleu í Katalóníu í tengslum við verkefnið Europods, sem aldrei komst almennilega á flug, en umbreyttist í verkefni um félagslega sjálfbærni og er samstarf milli Íslands, Frakklands, Austurríkis og Spánar, og aðalmál þess verkefnis er spænska. Í september var tekið á mótum við nemendum frá Bretaníu skaga í bænum Dinan í tengslum við sama verkefni.

Í mars heimsóttu tíu nemendur í spænsku skólann Institut Ramon de la Torre í Torredembarra með Hildu Torres og Sigrúnu Björk Friðriksdóttur. Hefur komist á gott samstarf við þann skóla og vænta má að framhald verði á nemendaskiptum við skólann.

Spænskunemendur héldu svo til Manlleu í Katalóníu í nóvember 2023 í fylgd með Hildu Torres og Sigrúnu Friðriksdóttur og endurguldu þar með heimsóknina þaðan í janúar.



---

## ÖNNUR VERKEFNI

Vorið 2023 tók 2-S á móti hópi nemenda frá Skjærn á Jótlandi. Í stað þess að endurgjalda heimsóknina beint hélt bekkurinn til Kaupmannahafnar í september þar sem hann kynntist danskri menningu og heimsótti NGK bekkinn í Gribskov sem var þá nýlega byrjaður í skólanum.



---

## DCES

Síðasta stóra nemendaskiptaverkefninu í gamla Erasmus+ kerfinu var lokið vorið 2023, en því hafði verið frestað eins lengi og hægt var vegna Covid 19 faraldursins. Síðasti þátturinn í verkefninu var ferð til Piteå í Svíþjóð en samstarfsaðilar í þessu verkefni voru Grikkland (sem leiddi verkefnið), Slovakía, Ítalía, Pólland og Svíþjóð auk okkar. Metnaðarfullt og flott verkefni sem þurfti að leggja mikla vinnu í. Kennararnir sem fóru til Svíþjóðar voru Ingunn Arnardóttir og Hallur Örn Jónsson.

---

## STARFSSKYGGINGAR

Heimsóknir kennara víða að úr Evrópu í starfsskyggingu (job-shadowing) hafa verið áberandi í skólanum. Allnokkur hópur hefur komið frá Tékklandi, en að auki kennarar frá Póllandi, Spáni, Danmörku og Noregi. Þetta hefur gengið vel, en þarf að móta stefnu og huga að hvernig slík heimsókn nýtist gestum sem best og komi vel út skipulagslega.

Kennarar frá Verzlunarskólanum héldu svo líka í starfsskyggingar. Hjördís Rut Sigurðardóttir heimsótti Bernoullie framhaldsskólann í Vín í apríl. Í september kynntu Guðrún Rannveig Stefánsdóttir og Þorbjörg Erla Sigurðardóttir sér starf framhaldsskóla og lýðháskóla í Danmörku.

---

## NÁMSKEIÐ FYRIR KENNARA

Verkefnastjóri tók á móti nokkuð stórum hópi frá English matters stofnuninni á Spáni, en hún skipuleggur stór námskeið í borgum víða um Evrópu. Þetta gekk vel og mun samstarfið að líkindum festast í sessi.

Rut Thorlacius Guðnadóttir og Katrín Jónsdóttir urðu þær síðustu til að fara á námskeið í samstarfsverkefni Verzlunarskólans og ELA í nóvember 2023, sem var þá síðasta verkefnið sem var fjármagnað samkvæmt gamla Erasmus+ kerfinu.

---

## NOREGS, ÍSLANDS OG LICHTENSTEIN SJÓÐURINN

Skólinn tók þátt í einu verkefni sem var styrkt af Noregs, Íslands og Lichtenstein sjóðnum, með skóla í Ostrava í Tékklandi. Við gengum inn í verkefnið með stuttum fyrirvara þar sem tékkneski skólinn hafði verið í samstarfi við annan skóla sem hætti við. Verkefnið fjallið um stafræna kennslu og tóku 15 nemendur í 2-S þátt, tekið var á móti nemendum frá Tékklandi í janúar og svo var heimsóknin endurgöldin í mars. Kennarar í þessu verkefni voru Unnur Eysteinsdóttir og Elín Guðmannsdóttir, en með þeim starfaði líka Berglind Helga Sigþórsdóttir námsráðgjafi.

---

## NORDPLUS

Verkefnið Grön Ökonomi var klárað á vorönn 2023 fyrst með fundi í Stokkhólmi í janúar og síðan með móttöku í Reykjavík í mars. Þátttakendur voru auk okkar Nacka Gymnasium í Svíþjóð og Helsinki Business College og Practicum í Finnlandi. Kennarar í þessu verkefni voru Elísabet Halldórsdóttir og Rebekka Árnadóttir og með þeim átta nemendur á viðskiptabraut.



Framhald var svo gert á verkefninu og bættist Niels Brock menntaskólinn í hópin og nýtt þema er félagsleg sjálfbærni. Elísabet og Rebekka héldu áfram í verkefninu en í hópin bættist nú Ólafur Tryggvi Brynjólfsson.

---

## NGK

NGK verkefnið kláraði sitt fimmta ár með útskrift á öðrum árgangi í júní 2023. Metfjöldi Íslendinga settist á skólabekk í Gribskov haustið 2023, eða níu manns. Samstarfið hefur gefið okkur góða innsýn í danska menntakerfið og þá hafa kennarar Verzlunarskólans fengið dýrmæta reynslu af samstarfi við kollega sína í hinum samstarfslöndunum. Annar árgangur NGK bekkjarins útskrifaðist í Sisimiut á Grænlandi í júní 2023. Fjórir íslenskir nemendur voru í útskriftarhópnum.



---

*Stýrihópur NGK námsins fundaði á Íslandi í mars 2023. Á fundinn komu góðir gestir frá Vestnorræna ráðinu. Hér má sjá stýrihópinn ásamt Steinunni Þóru formanni ráðsins.*

---

## NORRÆNT RÆÐUNÁMSKEIÐ




Verzlunarskólinn átti í október samstarf við den Rejsende talerskole frá Danmörku og hélt ræðunámskeið fyrir íslenska framhaldsskólanema sem lauk með viðburði sem var stýrt af Steiney Skúladóttur. Tóku nemendur úr Verzlunarskólanum, Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ og Kvennó þátt í námskeiðinu. Þetta var mjög vel heppnað og vonandi verður framhald á þessu samstarfi.

## BÓKASAFN

Á bókasafni skólans eru þrír starfsmenn, bókasafnsstjóri, bókasafns- og upplýsingafræðingur og bókaþjófur. Bókasafnið er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og starfsfólk Verzlunarskóla Íslands. Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og starfsmönnum greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Bókasafnið veitir nútímalega, fjölþætta og persónulega þjónustu og styður við nám og kennslu við skólann. Þjónusta við notendur felst einkum í faglegri upplýsingaþjónustu, útlánum, leiðbeiningum og kennslu við heimildaleit og heimildaskráningu og margs konar námsaðstoð. Notkun safnsins er mikil, sem er verulega ánægjulegt. Á árinu 2023 voru samtals 10.136 tölvuskráð útlán á safninu. Bókasafnsstjóri er Klara Hauksdóttir.

## NÝR VEFUR SKÓLANS LEIT DAGSINS LJÓS

Þann 16. október 2023, á 118 ár afmæli skólans, var nýr vefur Verzlunarskólans settur í loftið. Vefur Verzlunarskólans gegnir veigamiklu hlutverki í samskiptum skólans við nærumhverfi sitt, t.d. við nemendur skólans, foreldra nemenda, starfsfólk og tilvonandi nemendur. Virkur og lifandi vefur gerir gott skólastarf sýnilegra. Miklar breytingar voru gerðar á nýja vefnum og var fyrst og fremst leitast eftir því að vefurinn yrði notendavænni, skýrari og einfaldari. Jafnframt var ákveðið að breyta um útlit á vefnum en litirnir þóttu ekki nægilega glaðlegir. Litirnir í dag eru bjartir og lífga mikið upp á vefinn. Klara Hauksdóttir bókasafnsstjóri er vefstjóri heimasíðu skólans og á heiðurinn af nýja vefnum.



## ÁRSREIKNINGUR

Rekstur skólans gekk vel árið 2023 en framlag ríkisins til skólans hélst þó ekki í hendur við launa- og verðlagshækkningar ársins. Rekstrarafkoma skólans var neikvæð á árinu 2023. Launaliður skólans er orðinn 95% af framlagi ríkisins og hefur það hlutfall aukist síðustu ár.

Nánari upplýsingar um fjármál skólans má sjá í reikningum hans.

### Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlag Ríkissjóðs .....		1.741.969.315	1.637.061.190
Skólagjöld .....		295.110.067	283.194.753
Leigutekjur færa með öðrum tekjum .....		0	0
Aðrar tekjur .....		28.511.596	23.431.441
		<u>2.065.590.978</u>	<u>1.943.687.384</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	8	1.653.209.713	1.551.654.152
Húsaleiga .....	6	278.000.000	254.000.000
Rekstur húsnæðis .....		25.306.485	24.208.802
Viðhald og rekstur áhalda og búnaðar .....		28.272.015	26.038.073
Annar rekstrarkostnaður .....		62.840.494	59.376.427
Afskriftir .....	2	21.248.031	22.266.258
		<u>2.068.876.738</u>	<u>1.937.543.712</u>
<b>Rekstrarafkoma</b>		(3.285.760)	6.143.672

## LOKAORÐ

Skólastarfi í Verzlunarskólanum gekk vel á árinu og aðsókn að skólanum góð. Kannanir sem gerður eru meðal útskrifaðra nemenda sýna að þeir eru ánægðir með þann undirbúning sem þeir hlutu fyrir frekara nám á háskólastigi. Rekstur skólans er í jafnvægi þó að fjárframlög frá hinum opinbera haldist ekki í hendur við almenna verðlagsþróun.

Áhersla hefur verið lögð á þróunar- og gæðastarfi í daglegu starfi skólans og hvílir hvoru tveggja á ríkri fagmennsku kennara og annarra starfsmanna. Starfsánægja mælist há í könnunum meðal starfsmanna og traust til stjórnanda sömuleiðis mikið. Samstarf við aðra skóla innanlands og erlendis er gott og hefur vaxið á síðustu árum. Starfsmenn Verzlunarskólans eru virkir í endurmenntun og sækja ýmsa fræðslu- og endurmenntunarviðburði.

Framkvæmdir utanhúss voru fyrirferðamiklar á árinu og meðal annars skipt um glugga í kennslustofum eldri byggingarinnar. Vel gekk að samræma framkvæmdirnar og kennslu á meðan mesta raskinu stóð. Nemendur og kennarar sýndu mikinn skilning og tóku öllum tilfærslum á kennslurýmum af stakri stillingu.

Nemendur skólans hafa staðið sig vel í náminu og unnið til ýmissa verðlauna, jafnt námstengdum keppnum sem og keppnum í tengslum við félagslífið. Þá var skólinn tilnefndur til íslensku menntaverðlaunanna fyrir skólaþróunarverkefnið sem kynnt var hér fyrr í ársskýrslu þessari.